Nr. 034/15 Haukur

Tók niðri og stýri skemmist

IMO nr. 8719085
Smíðaður: Serbíu 1990 stál
Stærð: 2030 bt.
Mesta lengd: 74,65 m
Breidd: 12,70 m *Dýpt:*
Fánaríki: Færeyjar
Fjöldi skipverja: 6

Haukur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Skýrsla skipstjóra
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. apríl 2015 var flutningaskipið Haukur að koma til hafnar á Hornafirði. Veður: VNV 15-20 m/s og ölduhæð 2,4 m. Djúprista að aftan 6,25 m (hámark) og að framan 5,75 m. Meðaldjúprista 6,00 m og var aflestur gerður á Reyðarfirði.

Haukur var að koma frá Reyðarfirði en þangað kom skipið frá Noregi með 2.000 tn af sandi og 800 tn af áburði eða samtals 2.800 tn af farmi. Á Reyðarfirði voru losuð 136 tn af áburði og á Hornafirði átti að losa 165 tn af áburði.

Áður en haldið var frá Reyðarfirði hafði skipstjóri samband við hafnsögumann á Hornafirði og tilkynnti komu skipsins í lóðs um kl. 04:00 aðfararnótt 1. apríl. Lét Haukur úr höfn frá Reyðarfirði um kl 16:45 þann 31. mars.

Kl. 04:35 var skipið stöðvað rétt rúma sjómílu austur af Hvanney þar sem hafnsögumaður kom um borð til að lóðsa skipið til hafnar. Veður á staðnum var VNV 15 20 m/s og ölduhæð 2,4 m. Eftir að hafnsögumaður var kominn um borð var siglt var með stefnu á Hleinina í innsiglingamerkjum og kvað skipstjóri skipið hafa oltið allt að 10° í hvort borð á innsiglingunni.

Kl. 04:45 á stað, 64°13,47N og 15°09,82V tók afturhluti bakborðsbols skipsins niðri og strax í kjölfarið varð stýri þess því sem næst ónothæft. Á þessum tíma var skipið statt í Hvanneyjarvita hvítum og ný komið inn í hvíta geirann á Hellirnum. Við athugun reyndist aðeins hægt að hreyfa stýrisblaðið frá 15° í bakborða og hart til bakborða.

Reynt var að snúa skipinu með beitingu véla en um kl. 04:55 var komin taug milli þess og hafnsögubátsins Björns lóðs sem dró skipið austur úr Ósnum. Kl. 05:45 slitnaði dráttartaugin milli skipanna en skipstjórinn gat beitt aðalvél og bógskrúfu til að koma Hauk enn utar.

Um kl. 06:40 var Haukur lagstur við akkeri og var hafnaryfirvöldum, LHG ásamt eiganda skipsins tilkynnt um atvikið og ástand þess.

Ákveðið var að draga Hauk til Hafnarfjarðar og dráttarbáturinn Lóðsinn frá Vestmannaeyjum fenginn til þess. Dráttur á skipinu hófst um kl. 02:30 þann 2. apríl en eftir að taug slitnaði og veður versnaði tók varðskipið Þór við drættinum en á leiðinni slitnaði einnig taug hjá þeim. Skipin komu til Hafnarfjarðar um kl. 19:00 þann 4. apríl.

Losun hófst á farmi um kvöldið og var henni háttað þannig að skutnum var lyft upp til að meta skemmdir. Í ljós kom að stýrið hafði skekkst aftur og rakst upp undir stýrisbát en á hann hafði verið soðinn kengur sem líklega var notaður til að taka stýrið niður eða við öxuldrátt. Kengur þessi kom í veg fyrir að unnt hefði verið að snúa stýrisblaðinu yfir til stjórnborða. Þá voru ákomur á öllum skrúfublöðum samkvæmt skoðun kafara.

Við rannsókn kom fram:

- að strax eftir að skipið tók niðri var dýptarmælir gangsettur og sýndi hann dýpið undir skipinu á bilinu 2-4 metrar *(sjá mynd af mælingunni);*



- að samkvæmt sjókorti var uppgefið dýpi 7,5 m á stórstraumsfjöru þar sem skipið tók niðri. Eftirfarandi tafla sýnir ætlað dýpi undir kjöl kl. 03:42 þ.e.a.s. á háflóði.

Upplýsingar	*Dýpi*	*Tími*
Dýpi stórstraumsfjöru skv. korti	7,50 m	
Flóðhæð í sjávarfallatöflu við Djúpavog	1,70 m	02:09
Leiðrétting utan Hvanneyjar	-0,10 m	+01:33
Dýpi	9,20 m	03:42
Djúprista skipsins	6,25 m	
Ætlað dýpi undir kjöl skipsins	2,95 m	03:42

Breyting á sjávarstöðu þ.e.a.s. útfall frá kl. 03:42 til kl. 04:45 *(63 mín)* þegar skipið tók niðri er -0,19 m og dýpið undir kjölinn hefði átt að vera 2,76 m miðað við upplýsingar úr sjókorti og sjávarfallatöflu;

- að skipstjórinn hafði í grófum útreikningum gert ráð fyrir dýpi um 3,75 m undir kjöl með þeim forsendum að flóðhæð væri +2,50 m og dýpi því 10,00 m í stað +1,70 m (kl. 02:09) í sjávarfallatöflu fyrir Djúpavog 1. apríl 2015. Möguleg skýring á þessu er að skipstjórinn hafi notað tímamun fyrir höfnina á Höfn í töflu II um *„Tíma-og hæðarmunur flóðs og fjöru“* í Sjávarfallatöflur (Tide Tables) 2015 bls.26;
- að samkvæmt upplýsingum frá Sjómælingum LHG var dýpið á stórstraumsfjöru á þeim stað þar sem skipið tók niðri 7,3 m. Þessar niðurstöður eru samkvæmt mælingum sem gerðar voru þann 18. mars 2015 eða 13 dögum fyrir atvikið. Dýpið var þá 20 cm minna en fram kemur í útgefnu sjókorti;
- að samkvæmt eftirfarandi upplýsingum *(tafla 2)* frá flóðmælinum í Hvanney, sem fengnar voru hjá Sjómælingum LHG er talsverður munur á uppgefinni flóðhæð í sjávarfallatöflu sem var kl. 04:45: 1,70-0,10-0,19=1,41m sem gerði ætlaða sjávarstöðu 7,5+1,41=**8,91m**.

Dagsetning	Tími	Flóðhæð	Vindur (m/s)	Vindátt °
1.4.2015	04:30	1,27	11	327
1.4.2015	04:40	1,25	10	323
1.4.2015	04:50	1,26	12	321
1.4.2015	05:00	1,17	11	321

Samkvæmt nýlegum dýptarmælingum (7,3 m) og flóðmælinum í Hvanney er sjávarstaðan kl. 04:40 hinsvegar: 7,3+1,26= **8,56 m** eða u.þ.b. 0,35 m minni en samkvæmt korti og sjávarfallatöflu;

- að samkvæmt upplýsingum Sjómælingum LHG var undiralda (Swell) á þeim stað sem skipið tók niðri 2,9 m. Þetta gerir dýpið undir kjöl: 8,56-2,9= 5,66m eða **- 0,59 m**. Samkvæmt kortinu var dýpið undir kjöl 8,91-2,9= 6,01 eða **– 0,24 m**. *Eins og fram hefur komið hafði skipstjórinn reiknað með 3,75 m undir kjöl og útreikningar RNSA 2,95 m kl. 03:42 en 2,76 m kl. 04:45;*
- að samkvæmt upplýsingum frá hafnaryfirvöldum var flóðhæð á flóðmæli við Hvanney sennilega ekki skoðuð áður en tekið var á móti skipinu;
- að samkvæmt upplýsingum frá hafnaryfirvöldum er reynt að gera dýptarmælingar fyrir utan Ósinn á 1-2ja mánaða fresti. Mælingarnar stjórnast af veðurfari t.d. er reynt er að mæla eftir brælur. Nokkur tími getur liðið á milli mælinga, sérstaklega á veturna. Til að ná þokkalega góðri mælingu má ölduhæð ekki vera meiri en um einn meter;

- að ljóst er að hér er langt í frá um að ræða einstakt tilfelli. Systurskip Hauks, Sava Lake, tók niðri á leið að ósnum 6. apríl 2002 (mál 038/02) og Alma tók niðri því sem næst á sama stað og Haukur þann 5. nóvember 2011 (mál 135/11). Í því máli var leitað til Siglingastofnunar sem taldi hverfandi líkur á að Alma hafi tekið niðri á stað þar sem dýpið var 9,0 m og ölduhæð 2,3 m miðað við djúpristu skips 6,0 m.

Nefndarálit:

Orsök þess að skipið tók niðri var að dýpi var ekki í samræmi við það sem gefið er upp í sjókortum.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin telur að með óbreyttu ástandi sé mikil hætta á því að fleiri skip eigi eftir að taka þarna niðri og gerir því eftirfarandi tillögu í öryggisátt:

Nefndin leggur til að gerðar verði nákvæmar dýpismælingar utan Hornafjarðaróss og þeim stöðugt haldið réttum.